



Fundargerð nr. 38 Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg fundarsalur
Fundardagur: Miðvikudagur 3. febrúar 2026
Fundartími: 8:00-10:00
Fundarmenn: Haraldur Einarsson, formaður
Heimir Rafn Bjarkason
Hjalti Guðmundsson
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson, oddviti
Pálmi Þormóðsson, verklegar framkvæmdir undir lið 1

Haraldur Einarsson stýrði fundi. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Verkefni hjá Pálma Þormóðssyni

a) Staða á framkvæmdum í Þingborg

Framkvæmdir við sal í Þingboeg er á lokametrinum. Búið að setja gólfdukin og línur, mála vegg og loft, skipta út ípróttalýsingu, vinna í rafmagni og fleira. Hurðir verða settar í fimmtudaginn 5. febrúar. Karfa við endavegg og hljóðdræg tjöld fara upp á næstu dögum sem og braut fyrir kaðla í lofið. Ípróttakennsla Flóaskóla hófst mánudaginn 2. febrúar og fyrsti stóri viðburðurinn verður haldinn laugardaginn 7. febrúar þegar þorablót fer fram í húsinu.

Sveitarstjóri mun taka saman endanlegan kostnað vegna breytinga fyrir næsta fund en í lok ársins 2025 stóðu framkvæmdir í um 33 milljónum. Hluti kostnaðar fellur á árið 2026 svo sem hluti af vinnu og efni við gólfið, rafmagnsvinna, smíðavinna, hurðir og ýmis lokafrágangur.

b) Dælushús við Uppsali

Búið er að tengja húsið við rafmagn og allur frágangur á húsinu sjálfu búinn. Framkvæmda- og veitunefnd hvetur verktaka og viðeigandi aðila að klára það sem þarf varðandi tækjabúnað svo sem uppsetningu á dælu og öðru hið fyrsta þannig að hægt verði að fara í umtengingará stofninum við fyrsta tækifæri.

2. Flóaskóli viðbygging

Fyrir liggur tillaga að stækkun við Flóaskóla frá M2 teiknistofu. Tillagan byggir á upplýsingum þarfagreiningar frá Eflu og upplýsingum og umræðum á fundum bygginganefndar vegna Flóaskóla.

Jón Friðrik Matthíasson hjá M2 teiknistofu ehf. mun klára aðaluppdrætti á næstu vikum.



Framkvæmda- og veitunefnd mælist til þess við sveitarstjórn að óskað verði eftir tilboði í hönnun á þeim þáttum sem þarf svo sem burðarþolshönnun, lagnahönnun, hönnun loftræstingar, hljóð- og brunahönnun. Sveitarstjóri og Pálmi Þormóðsson undirbúi viðeigandi gögn sem send verði á nokkra aðila og óskað eftir tilboðum.

Rætt var um hvort skipta eigi verkefninu upp í mismunandi verkþætti eða að bjóða út allt í einu lagi. Rætt um þann möguleika að skipta verkinu upp þannig að jarðvinna væri boðin út fyrst, annað útboð sem miðast að fokheldu húsi og svo frá fokheldu að fullbúnu húsi. Annar möguleiki væri að bjóða út jarðvinnuna og svo allt hitt í einu útboði.

Þegar aðaluppdrættir liggja fyrir mælist nefndin til að stofnað verði mál hjá byggingafulltrúa og skoðað verði hvort samþykkt verði að hefja jarðvinnuframkvæmdir í vor eftir að sá hluti hefur verið boðinn út.

3. Áhaldahús

Búið er að fá tilboð í stöðluð hús frá nokkrum aðilum og von á tilboði frá einum í viðbót.

Framkvæmda- og veitunefnd sér ótvíræða kosti í að nýta lóðina Heiðargerði 1 undir áhaldahús og eftir skoðun Eflu og skipulagsfulltrúa á því svæði sem telst byggingahæft á lóðinni þá er hægt að byggja hús vestast á lóðinni sem getur verið að hámarki 12*20 m eða 240 m² hús.

Framkvæmda- og veitunefnd mælist til þess við sveitarstjórn að málið fái framgang í þá átt að byggt verði á lóðinni Heiðargerði 1. Fengið verði tilboð frá jarðvinnuverktökum í lagningu aðkomuvegar og jarðvinnu undir hús og tekin verði ákvörðun um tegund og gerð hússins sem fyrst.

Gert er ráð fyrir 60 milljónum í byggingu áhaldahúss fyrir sveitarfélagið á árinu 2026 í framkvæmdaáætlun ársins.

4. Fjárfestingayfirlit (framkvæmdaáætlun) 2026

Farið yfir helstu verkefni í framkvæmdaáætlun ársins hvað varðar eignasjóð og vatnsveitu. Framkvæmda- og veitunefnd mælist til þess að undirbúningur við samþykktar framkvæmdir utanhúss í Þjórsárveri fari af stað. Umsjónarmanni fasteigna verði falið að fá verðtilboð frá amk 3 smiðum í verkið og setji upp kostnaðaráætlun og tímaáætlun í verkið. Nefndin leggur áherslu á að undirbúningur fari sem fyrst af stað og að framkvæmdin hefjist í vor.

Nefndin mælist einnig til þess að breytingar vegna aðgengismála á skrifstofu sveitarfélagsins verði teiknaðar og undirbúningur þeirra framkvæmda fari af stað. Æskilegur tímarammi á þeim framkvæmdum er frá júní-ágúst þannig að stærsti hluti framkvæmdanna fari fram þegar sumarlokun er á skrifstofu. Sveitarstjóra verði valið að fá hönnðu til að teikna upp breytingarnar og í kjölfarið fái umsjónarmaður fasteigna verðtilboð frá amk 3 smiðum til að taka að sér verkið og setji upp kostnaðar- og tímaáætlun vegna breytinganna.

Aðrar stærri framkvæmdir eru vegna gatnagerðar og lagningu á veitum við nýja íbúðabyggð við Þingborg, frágangur á körfuboltavelli við Flóaskóla, áhaldahús og viðbygging við Flóaskóla.



Stærstu áætluðu framkvæmdirnar í vatnsveitunni felast í samstarfi við önnur sveitarfélög (Iagnir í nýju vegstæði við Ölfusárbrú og borun í Kaldárhöfða), borun í Ruddakróki/Samúelslind, sverun á lögn frá Ruddakróki að Orrustudal og frágangur og umtengingar við stofnlögn við Þjóðveg 1.

5. Drög að uppfærðri samþykkt um fráveitur í Flóahreppi

Lögð fram til kynningar.

6. Næsti fundur verður miðvikudaginn 4. mars kl. 8:10 í Þingborg.

Nefndin fór í skoðunarferð um salinn í Þingborg til að skoða breytignarnar.

Fundargerð rituð af Huldu Kristjánsdóttur, sveitarstjóra